

Kattatrygging er líf- sjúkra- og ábyrgðartrygging. Líftrygging bætir tjón þegar köttur deyr af völdum sjúkdóms eða meiðsla. Sjúkrakostnaðartrygging bætir útgjöld til dýralæknis vegna sjúkdóms eða meiðsla vátryggðs kattar og ábyrgðartrygging bætir líkams- og/eða eignatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggingartaka sem eiganda kattar enda sé hann bótaskyldur fyrir því tjóni skv. íslenskum réttarreglum. Vátryggingarsamningurinn getur innihaldið eina eða fleiri af vátryggingunum, þó aldrei eingöngu ábyrgðartryggingu. Kaflaskiptingin er eftirfarandi:

[1. kafli: Sjúkrakostnaðartrygging fyrir ketti \(valkvæð\), bls. 1.](#)

[2. kafli: Líftrygging \(valkvæð\), bls. 2.](#)

[3. kafli: Ábyrgðartrygging \(valkvæð\) bls. 3.](#)

[4. kafli: Almenn ákvæði, bls. 4.](#)

Hið vátryggða er köttur sem tilgreindur er í vátryggingarskírteininu. Vátryggingin er til hagsbóta fyrir **vátryggingartaka** (eiganda hins vátryggða). Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins vátryggða. Vátryggingin fellur brott við eigendaskipti að hinum vátryggða, sbr. þó 40. gr. laga nr. 30/2004. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er vátryggjandi, hér eftir nefnt félagið.

Aftast eru upplýsingar um Tjónagrunn

1.KAFLI SJÚKRAKOSTNAÐARTRYGGING FYRIR KETTI

1.gr. Hvaða ketti er hægt að vátryggja?

Hægt er að óska vátryggingar fyrir alla heilbrigða ketti sem eru eldri en átta vikna og yngri en fimm ára. Kötturinn verður að hafa verið bólusettur gegn kattafári og kattainflúensu. Auk þess skal bólusetja köttinn fyrir þeim sýkingum sem dýralæknar ráðleggja. Bólusetja ber köttinn reglulega gegn ofangreindum sjúkdómum samkvæmt ráðleggingum dýralækna.

2.gr. Landfræðilegt gildissvið

Vátryggingin gildir á Íslandi.

3.gr. Gegn hverju er vátryggt?

Útgjöldum til dýralæknis vegna sjúkdóms eða meiðsla sem kötturinn verður fyrir.

4.gr. Vátryggingin greiðir kostnað vegna:

Rannsóknar og meðferðar í tengslum við sjúkdóma, meiðsl og keisaraskurði, en til þessa telst kostnaður við:

- 4.1. Sjálfa rannsóknina og meðferðina. Keisaraskurð sem talinn er læknisfræðilega nauðsynlegur að álitu dýralæknis, þó greiðir félagið aldrei meira en tvo keisaraskurði vegna hversrar læðu meðan hún lifir. Hafi læðan verið kettlingafull við tryggingartöku greiðir félagið ekki bætur ef til keisaraskurðar kemur í því tilviki.
- 4.2. Tannviðgerðir vegna meiðsla.
- 4.3. Nauðsynlegar röntgenmyndir, hjartalínurit, rannsóknir á vefjarsýnum á rannsóknarstofu m.a. vefjarsýnum í tengslum við ofnæmisrannsókn og/eða meðferð en þó aldrei hærrí fjárhæð en sem nemur samtals kr. 30.300 á hverju vátryggingarári. Fjárhæð þessi eru vísitölubundin sbr. 28. gr.
- 4.4. Þau lyf sem dýralæknir eða dýraspítali gefa kettinum við skoðun eða meðferð.

5.gr. Undanskildar áhættur

- 5.1. Meðferð vegna meiðsla eða sjúkdóms sem hefur komið upp áður en váttryggingin gekk í gildi, svo og sjúkdóms sem kemur upp innan 30 daga frá því að váttryggingin gengur í gildi, þ.m.t. meðfæddir og arfgengir kvillar eða sjúkdómar.
- 5.2. Rannsókn eða meðferð í forvarnarskyni. Geldingar/ófrjósemisaðgerðir ef ekki er talin læknisfræðileg þörf fyrir slíkt (sálrænir kvillar, teljast ekki til læknisfræðilegrar þarfar). Tannviðgerðir annarra en vegna meiðsla. Meðferð vegna tannholdsbólgu. Hvers konar aðstoð við fæðingu, að undanskildum kostnaði við keisaraskurð.
- 5.3. Fegrunaraðgerðir.
- 5.4. Vottorð og lyfseðla dýralækna.
- 5.5. Útgjöld vegna innlagnar umfram kr. 4.600 fyrir hvern sólarhring og lengst í 8 sólarhringa. Fjárhæð þessi er vísitölubundin sbr. 28. gr.
- 5.6. Aukaútgjöld vegna dýralæknisvitjunar að kvöldi, nóttu eða á helgidegi, nema vegna meiðsla eða sjúkdóms sem hafa orðið á slíkum tíma eða rétt fyrir slíkan tíma.
- 5.7. Skoðun og meðferð sem ekki er læknisfræðilega nauðsynleg og/eða réttlætanleg.
- 5.8. Kattafár nema kötturinn hafi verið bólusettur á síðustu 12 mánuðum áður en sýkingin kom í ljós.
- 5.9. Naflakviðslit (umbilical hernia), launeista (cryptorchidism) og hnykks í skotti (crooked tail).
- 5.10. Segulómskoðun (Magnetic Resonance Imaging, MRI) eða sneiðmyndataka (Computer Tomography, CT).
- 5.11. Sýnatöku og rannsókna til þess að ákvarða mótefni eða styrk mótefna við skimun sjúkdóma.
- 5.12. Prófana á því hvort kattahópur er með hvítblæði (leukosis), smitandi lífhimnubólgu (Feline Infectious Peritoniteis, FIP) eða hringorma (ring worm).
- 5.13. Smitandi lífhimnubólgu (FIP) í ketti, sem tilheyrir kattahópi, og var tryggður eftir að smitandi lífhimnubólga (FIP) fannst í hópnum, þar til félagið ákveður annað.
- 5.14. Smitandi lífhimnubólga (FIP) í ketti sem hefur verið tryggður hjá félaginu skemur en eitt ár.

6.gr. Hver skal taka köttinn til meðferðar?

Dýralæknir eða dýraspítali þar sem starfar dýralæknir sem er félagi í Dýralæknafélagi Íslands.

7.gr. Greiðsla lækniskostnaðar úr váttryggingunni

Sundurliðaða reikninga dýralæknis eða dýraspítala skal senda til félagsins þegar meðferð er lokið. Dýralæknir skal ávallt rita tegund, svo og ættarbókarnafn og -númer, örmerki, húðflúrnumur eða kísilflögnumer (ef slíkt er fyrir hendi) á reikninginn. Reikningar, sem berast félaginu tveimur árum eftir að þeir voru gefnir út eða síðar, verða ekki greiddir.

8.gr. Eigin áhætta

Eigin áhætta á hverju meðferðartímabili vegna sama tilviks (þó lengst 60 daga) er fjárhæð sú sem tilgreind er á váttryggingarskírteininu. Fjárhæð þessi er vísitölubundin sbr. 28. gr.

9.gr. Hámarksbætur

Hámarksbætur á hverju váttryggingarári eru tilteknar á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

10.gr. Lok váttryggingar

Ef ekki hefur verið samið um annað fellur váttryggingin úr gildi án uppsagnar við lok þess váttryggingarárs þegar kötturinn verður 13 ára.

2.KAFLI LÍFTRYGGING FYRIR KETTI**11.gr. Hvaða ketti er hægt að váttryggja?**

Líftryggingu er hægt að kaupa fyrir heilbrigða ketti sem færðir eru í ættbók Kynjakatta, Kattaræktarfélag Íslands eða annarra sambærilegra aðila sem félagið viðurkennir. Kettir yngri en átta vikna og eldri en fimm ára verða ekki líftryggðir. Kötturinn verður að hafa verið bólusettur fyrir kattafári og kattainflúensu. Auk þess skal bólusetja köttinn gegn öðrum sjúkdómum sem dýralæknar ráðleggja. Bólusetja ber köttinn árlega gegn ofangreindum sjúkdómum.

12.gr. Landfræðilegt gildissvið

Vátryggingin gildir á Íslandi.

13.gr. Greiðsla bóta

Vátryggingarfjárhæðin er greidd þegar líftryggður köttur deyr af völdum sjúkdóms eða meiðsla eða aflífa verður hann af þessum orsökum samkvæmt úrskurði dýralæknis.

14.gr. Undanskildar áhættur

Félagið greiðir ekki bætur ef köttur deyr eða þarf að aflífa vegna:

- 14.1. Meðferðar við meiðslum eða sjúkdómum sem hafa komið upp áður en vátryggingin gekk í gildi, svo og sjúkdóma sem koma upp innan 30 daga frá því að vátryggingin gengur í gildi, þ.m.t. meðfæddir og arfgengir kvillar eða sjúkdómar.
- 14.2. Boðs yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.
- 14.3. Kattafárs nema kötturinn hafi verið bólusettur á síðustu 12 mánuðum áður en sýkingin kom í ljós.
- 14.4. Smitandi lífhimnubólgu (FIP) í ketti sem tilheyrir kattahópi sem var tryggður eftir að smitandi lífhimnubólga (FIP) fannst í hópnum, þar til félagið ákveður annað.
- 14.5. Smitandi lífhimnubólgu (FIP) í ketti sem hefur verið tryggður hjá félaginu skemur en eitt ár.

Engar bætur eru heldur greiddar ef ketti er stolið eða hann strýkur.

15.gr. Vátryggingarfjárhæðin

Vátryggingarfjárhæðin lækkar um 10% frá og með því vátryggingarári þegar líftryggður köttur verður 8 ára. Lækkun þessi leiðir ekki til lækkunar iðgjalds.

16.gr. Vátryggingarverðmæti

Jafnvel þótt köttur sé líftryggður fyrir hærri fjárhæð en raunverulegt verðmæti hans er eru bætur aldrei hærri en sem nemur raunverulegu verðmæti.

17.gr. Lok vátryggingar

Ef ekki hefur verið samið um annað fellur vátryggingin úr gildi án uppsagnar við lok þess vátryggingarárs þegar kötturinn verður 13 ára.

18.gr. Tilkynning um dauða líftryggðs kattar

Við tilkynningu um dauða líftryggðs kattar skal senda félaginu ættbókarvottorð hans. Jafnframt skal fylgja vottorð dýralæknis þess efnis að kötturinn sé dauður. Ættbókarvottorð er endursent til vátryggingartaka.

3.KAFLI ÁBYRGÐARTRYGGING

19.gr. Hvenær eru menn skaðabótaskyldir?

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn bótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla og er hún grundvallarregla í íslenskum lögum eða réttarvenju. Ef sá sem sóttur er til greiðslu bóta á ekki sök á tjóninu ber hann yfirleitt ekki bótaábyrgð. Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggingartaka ef hann hefur bakað sér bótaábyrgð (að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera það sjálfur vegna meðsakara eða meðábyrgðar) og einnig að greiða kostnað sem vátryggingartaki verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð að lögum er oft flókið álitaefni ber vátryggingartaka að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína sé hann krafinn bóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er honum bent á að lesa eftirfarandi ábyrgðartryggingarskilmála með þetta í huga. Viðurkenning vátryggingartaka á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann en ekki félagið. Vátryggingartaki getur því með slíkri viðurkenningu átt á hættu að þurfa sjálfur að greiða bætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til. Er bótakrafa kemur fram á hendur vátryggingartaka á því sviði sem vátryggingin nær til á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn ef til hennar kemur. Komi til dómsmáls sem varðar vátryggingu þessa og félaginu er einu stefnt, getur félagið krafist þess að málshöfðun sé einnig beint gegn vátryggðum. Félagið áskilur sér rétt til þess að fara með málið fyrir vátryggingdan.

20.gr. Landfræðilegt gildissvið

Vátryggingin nær til skaðabótaskyldu, sem fellur á vátryggðan á Íslandi.

21.gr. Bótasvið

21.1. Vátryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á vátryggingartaka að íslenskum lögum sem eiganda kattar, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar meðtaldar fasteignir og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

21.2. Ábyrgðartryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

Undanskildar áhættur

21.3. Tjón sem fjölskylda vátryggingartaka eða umsjónaraðila kattarins verður fyrir. Til fjölskyldu teljast maki (sambúðarmaki) vátryggingartaka, börn og annað skyldulið, enda eigi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.

21.4. Tjón á munum sem aðilar skv. 1. tl. hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu. Vátryggingin bætir heldur ekki tjón á munum, sem vátryggingartaki hefur tekið ófrjálsri hendi.

21.5. Skaðabótakröfu vegna tjóns á eignum, stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.

21.6. Tjón sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum sem við eiga um viðkomandi dýrahald. Sama gildir um sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.

21.7. Kaup, dagpeninga eða aðrar greiðslur, sem vátryggða ber samkvæmt lögum eða samningi að greiða manni sem orðið hefur fyrir slysi.

22.gr. Vátryggingarfjárhæð

22.1. Hámarks vátryggingarfjárhæð í hverju tjóni nemur fjárhæð þeirri er kemur fram á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

22.2. Auk bóta til tjónþola greiðir félagið kostnað við málsvörn, enda þótt þetta samanlagt nemi hærri fjárhæð en vátryggingarfjárhæðinni.

23.gr. Eigin áhætta vátryggðs

23.1. Í hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu 10%, þó ekki lægri fjárhæð en lágmarks eigin áhættu og ekki hærri fjárhæð en hámarks eigin áhættu.

23.2. Gildandi fjárhæðir koma fram í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

23.3. Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarks eigináhættu, þá greiðir félagið heldur ekki kostnað, þó krafan og kostnaðurinn verði að samanlögðu hærri en lágmark eigin áhættu.

4. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI**24.gr. Vátryggingarsvið**

Vátryggingarsamningurinn getur innihaldið eina eða fleiri af þessum vátryggingum. Vátryggingar í gildi eru skráðar á vátryggingarskírteinið.

- Sjúkrakostnaðartrygging
- Lífttrygging
- Ábyrgðartrygging

25.gr. Gildistími – Endurnýjun – Réttur til uppsagnar**Gildistími**

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Endurnýjun og uppsögn

Vátrygging sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á vátryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun vátryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok vátryggingartímabilsins. Hafi vátryggingartaki ekki lengur

þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt váttryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004. Váttryggingin endurnýjast þó ekki og fellur niður án uppsagnar við lok þess váttryggingarárs þegar kötturinn verður 13 ára. Ef félagið hyggst ekki framlengja váttrygginguna skal tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á váttryggingaskilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun váttryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

Réttur félagsins til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni:

1. Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004.
2. Ef váttryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan.
3. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan.
4. Eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

5. Ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. Félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar.
 - b. Það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

6. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

7. Ef alvarlegur trúnaðarrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

26.gr. Brot á upplýsingaskyldu - Svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef váttryggingartaki veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara.

27.gr. Iðgjaldið - Gjaldþagi - Vanskil - Uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað. Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin niður þegar í stað, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004. Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma

sem váttryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Sé iðgjald ákvæðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Sé andvirði hins váttryggða greitt út við altjón og váttryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.

28.gr. Váttryggingarfjárhæðir - Eigin áhætta -Verðbreytingar

Váttryggingarfjárhæðir þær og fjárhæðir eigin áhættu sem fram koma í skilmálum þessum fylgja þróun verðlags í landinu og miðast við vísitölu neysluverðs án húsnæðis þegar hún er 980 stig. Fjárhæðir þessar breytast því í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu. Tjón bætast þannig í samræmi við þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi. Hið sama gildir um eigin áhættu. Sömuleiðis breytist iðgjald í samræmi við váttryggingarfjárhæðina eins og hún er á endurnýjunardegi váttryggingarinnar. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

29.gr. Varúðarreglur

- 29.1. Umhirða kattarins, vistarverur og fóðrun, skal vera í samræmi við ákvæði laga um velferð dýra nr. 55/2013, svo og öðrum lögum og reglugerðum sem við eiga.
- 29.2. Kötturinn skal bólusettur fyrir þeim sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja. Einnig skal farið eftir öðrum ráðleggingum dýralækna varðandi heilsu kattarins. Farið skal eftir þeim heilbrigðiskröfum sem eru skilyrtar í leyfum vegna kattahalds.
- 29.3. Ef feldur kattarins krefst sérstakrar meðferðar, loftslags, rakastigs eða hann hefur aðrar sérstakar þarfir eða þolir ekki venjulega umhirðu, skal váttryggingartaki bera ábyrgð á að þess sé gætt.
- 29.4. Váttryggingartaki verður að hafa samband við dýralækni eins fljótt og auðið er, ef kötturinn sýnir merki um lasleika eða þyngdartap. Einnig þarf að hafa tafarlaust samband við dýralækni hraki heilsu dýrsins meðan á meðferð stendur. Fylgja skal fyrirmælum dýralæknis skilyrðislaust á meðan kötturinn er í meðferð hjá honum vegna sjúkdóms eða slyss.
- 29.5. Váttryggingartaki skal halda utan um allar heimsóknir kattarins til dýralæknis.
- 29.6. Sé ferðast með köttinn í farartæki skal hann vera í þar til gerðu búri sem er tryggilega fest niður í farartækinu.
- 29.7. Ef kötturinn meiðist eða sýkist er skylt að fá dýralækni til að skoða hann.

30.gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta úr váttryggingunni að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi váttryggingartaki vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

31.gr. Lækniskostnaður

- 31.1. Með orðinu lækniskostnaður er átt við greiðslur til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi vegna skoðunar eða meðferðar vegna sjúkdóms og meiðsla. Enn fremur lyfja sem sömu aðilar afhenda eða ávísa vegna sjúkdóma og meiðsla.
- 31.2. Ferða- og flutningskostnaður vegna meðferðar og skoðunar telst ekki vera lækniskostnaður.
- 31.3. Kostnaður vegna sjúkraþjálfunar og endurhæfingar telst ekki vera lækniskostnaður.
- 31.4. Fóður, fæðubótarefni, heilsu- og hreinlætisvörur og aðrar sambærilegar vörur teljast ekki vera lækniskostnaður.

32.gr. Frestur til að tilkynna um tjón - Fyrning

Váttryggingartaki glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa váttryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

33.gr. Váttryggingartaki veldur váttryggingaratburði Ásetningur

Hafi váttryggingartaki af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggingartaki valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

34.gr. Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs - Reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur váttryggingartaka til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggingartaka, eiga einnig við um bótarétt váttryggðs vegna samsvarandi háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir kettinum, sbr.a. liður 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

35.gr. Ákvæði í váttryggingarskírteini

Ákvæði í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

36.gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfshætti hennar. Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

37.gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015.

Tjónagrunnur:

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi váttryggingarfélags
- Staðsetning tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum.

Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.